

FUNDARBOÐ

394. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, 10. desember 2020 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2011010F - Bæjarráð - 622**
Framlögð fundargerð bæjarráðs frá fundi nr. 622.
- 2. 2011009F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 5**
Lögð fram 5. fundargerð atvinnu- og nýsköpunarnefndar.
- 3. 2011008F - Hafnarstjórn - 89**
Lögð fram fundargerð 89. fundar hafnarstjórnar.
- 4. 2011007F - Æskulýðs- og íþróttanefnd - 80**
Lögð fram 80. fundargerð Æskulýðs- og íþróttanefndar.
- 5. 2011005F - Skipulags- og bygginganefnd - 246**
Lögð fram 246. fundargerð skipulags- og bygginganefndar.
- 6. 2012001F - Öldungaráð - 6**
Framlögð 6. fundargerð öldungaráðs.

Lóðaumsóknir

- 7. 2011040 - Umsókn um lóð - Hamraendi 12**
Sigurbjartur Loftsson, fyrir hönd Sipavíkur, sækir um lóðina Hamraenda 12.

Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi sínum að úthluta Skipavík ehf. lóðinni Hamraendi 12, samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða hjá Stykkishólmsbæ, með þeim fyrirvara að enginn sæki um lóðina innan auglýsingafrests, sem veittur er til 22. desember, en lóðin verður auglýst laus til úthlutunar á heimasíðu Stykkishólmsbæjar til þess tíma.

Ekki er til deiliskipulag fyrir Hamraenda, svo þegar teikningar eru lagðar inn eftir úthlutun lóðar, felur bæjarráð skipulags- og byggingarnefnd að taka ákvörðun um grenndarkynningu þeirra samkv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en framkvæmd grenndarkynningar kemur fram í gr. 5.9. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Bæjarráð vísar málinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

Erindi til kynningar

- 8. 2004048 - Fundargerðir stjórnar Svæðisgarðsins Snæfellsnes**
Lagðar fram fundargerðir stjórnar Svæðisgarðsins Snæfellsnes í nóvember og desember 2020.

9. 2012004 - Frammistaða Stykkishólmsbæjar í umhverfis- og samfélagsmálum 2016-2019

Lögð fram skýrsla um frammistöðu Stykkishólmsbæjar í umhverfis- og samfélagsmálum 2016-2019, unnin út frá stöðlum Earth Check.

10. 2011053 - Fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Lögð fram fundargerð 111. fundar stjórnar FSS ásamt fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga 2021.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

11. 2012012 - Staðsetning starfa á vegum ríkisins

Lögð fram skýrsla byggðastofnunar um staðsetningu starfa á vegum ríkisins miðað við við áramót 2019/2020, en í skýrslunni eru upplýsingar um staðsetningu og fjölda frá áramótum 2013/2014. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi hjá stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslunni hefur stöðugildum starfa á vegum ríkisins fækkað í Stykkishólmi frá árinu 2013 um nær 20%, frá 101 stöðugildi árið 2013 í 83 stöðugildi árið 2019.

12. 2012010 - Áskorun á Reykjavíkurborg

Lagt fram erindi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 26. nóvember 2020, um áskorun á Reykjavíkurborg, en byggðarráð skorar á önnur sveitarfélög landsins að taka undir bókunina og gera að sinni. Bókun byggðarráðs Skagafjarðar var staðfest á fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar 26. nóvember 2020 með níu atkvæðum og samþykkt að gera bókun byggðarráðs bókun sveitarstjórnar.

13. 2011044 - Rafiþróttir

Á 80. fundi æskulýðs- og íþróttanefndar voru rafiþróttir til umræðu og vakti tómsunda- og æskulýðsfulltrúi athygli á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru í Stykkishólmi þeim tengdum.

Æskulýðs- og íþróttanefnd tók vel í að farið verði í uppbyggingu á aðstöðu fyrir rafiþróttir og að skoðaður verði möguleiki á að samnýta aðstöðu og búnað með grunnskóla, UMF Snæfelli og félagsmiðstöð.

Æskulýðs- og íþróttanefnd lagði einnig til að æskulýðs- og tómsundafulltrúi ræði við forstöðumann íþróttamiðstöðvarinnar, skólustjóra og formann Snæfells um laus rými og samnýtingu til framtíðar. Einnig að hann kanni kostnað.

Nefndin telur verkefnið mjög mikilvægt og þarft og hvetur bæjarstjórn til að gera ráð fyrir fjármagni til uppbyggingar á aðstöðu fyrir rafiþróttir í næstu fjárhagsáætlun.

Bæjarráð samþykkti tillögu æskulýðs- og íþróttanefndar á 622. fundi sínum. Bæjarráð samþykkti að setta verði 500.000 kr. á framkvæmdaáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir 2021 vegna verkefnisins.

14. 2012002 - Sæmundarreitur 2 og 4

Bæjarstjóri leggur til að lóðirnar Sæmundarreitur 2 og 4 verði auglýstar lausar til úthlutunar í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnaði og að umsóknarfrestur verði til 15. febrúar 2020.

Bæjarráð samþykkti, á 622. fundi sínum, tillögu bæjarstjóra og lagði til við

bæjarstjórn að samþykkja tillöguna.

15. 2011052 - Tillögur stafræns ráðs til sveitarfélaga

Lagðar fram tillögur stafræns ráðs til sveitarfélaga, ásamt kynningu á verkefninu

Bæjarráð samþykkti, á 622. fundi sínum, að taka þátt í verkefninu í samræmi við framlögð gögn og vísar afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

16. 2010002 - Húsnæðismál Grunnskólans í Stykkishólmi

Lögð fram afgreiðsla skóla- og fræðslunefndar vegna húsnæðismála Grunnskólans, greinargerð skólastjóra og áskorun frá kennurum skólans. Einnig er lagt fram minnisblað og tillaga bæjarstjóra ásamt minnisblöðum og svari forstöðumanns Amtsbókasafns vegna tillögu um nýtingu á ljósmyndasafnsins.

Bæjarráð samþykkti, á 619. fundi sínum, að vísa minnisblaði og tillögu bæjarstjóra til umsagnar í skóla- og fræðslunefnd og safna- og menningarmálanefnd

Safna- og menningarmálanefnd fagnaði því, á 111. fundi sínum, hversu vel salurinn í Amtsbókasafninu hefur verið nýttur eins og fram kemur í minnisblaði forstöðumanns Amtsbókasafnsins. Nefndin kvaðst hafa skilning á því að leysa þurfi húsnæðisvanda en lýsti jafnframt yfir áhyggjum af því að bráðabirgðarlausnir standi oft til lengri tíma og ítrekaði að hér sé um tímabundna bráðabirgðarlausn að ræða. Ennfremur hvatti nefndin til skipulagsbreytinga á efri hæð Grunnskólans svo nýta megi húsnæði skólans betur.

Bæjarráð samþykkir tillögur bæjarstjóra að teknu tilliti til bókunar safna- og menningarmálanefndar og með hliðsjón af ábendingum skóla- og fræðslunefndar.

Jafnframt felur bæjarráð bæjarstjóra að kynna málið fyrir skóla- og fræðslunefnd.

Bæjarráð vísar afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

17. 1905057 - Sögu og menningararfur í Stykkishólmsbæ/Menningartengd ferðaþjónusta

Lögð fram til staðfestingar viljayfirlýsing Stykkishólmsbæjar um samstarf og aðstoð við Minjastofnun í tengslum við uppbyggingu innviða á Búðarnesi og Hjallatanga, ásamt greinargerð.

Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi viljayfirlýsinguna fyrir sitt leyti.

Bæjarráð lagði jafnframt til við bæjarstjórn að samþykkja viljayfirlýsingu Stykkishólmsbæjar um samstarf og aðstoð við Minjastofnun í tengslum við uppbyggingu innviða á Búðarnesi og Hjallatanga vegna verkefnisins: Söguleið um Búðanes og Hjallatanga - þar sem saga Stykkishólms hófst.

18. 2012006 - Umsögn um rekstrarleyfi - Narfeyrarstofa, Aðalgötu 3

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn Stykkishólmsbæjar vegna umsóknar SS-Veitinga ehf. kt.670601-3660, um rekstrarleyfi veitingastaðar í flokki IV, veitingahús sem rekið er sem Narfeyrarstofa, Aðalgötu 3 (F2115666), Stykkishólmi. Umsækjandi er með eldra rekstrarleyfi LG - REK-009496 vegna rekstrarins sem gildi til 15.1.2020.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við veitingu rekstarleyfis SS-Veitinga ehf. vegna reksturs veitingarstaðarins Narfeyrarstofu.

Bæjarráð vísar afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

19. 2010016 - Gjaldskrár Stykkishólmsbæjar 2021 - síðari umræða

Fyrir bæjarstjórn eru lagðar fram til síðari umræðu gjaldskrár Stykkishólmsbæjar 2021, en gjaldskrár hafa verið til umfjöllunar í fastanefndum bæjarins undanfarnar vikur.

Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi sínum gjaldskrár Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2021 og vísaði þeim til síðari umræðu í bæjarstjórn.

20. 2010007 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2022-2024 - síðari umræða

Fyrir bæjarstjórn er lögð fram til síðari umræðu fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2021 ásamt þriggja ára fjárhagsáætlun 2022-2024.

Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi sínum fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2021 ásamt þriggja ára fjárhagsáætlun 2022-2024 og vísaði henni til síðari umræðu í bæjarstjórn.

21. 1911024 - Tillaga um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum

Vegna sérstakra aðstæðna leggur bæjarstjóri til að veittur verði tímabundinn 90% afsláttur (lækkun) skv. 6. gr. laga nr. 153/2006, sbr. og 6. gr. samþykta um gatnagerðargjald í Stykkishólmsbæ, á gatnagerðargjöldum af byggingum íbúðarhúsnæðis m.v. gjaldskrá 2021 á tilteknum lóðum í Stykkishólmsbæ og að lækkunarheimildin taki gildi eftir samþykkt bæjarstjórnar til og með 31. desember 2021. Skal umsækjandi greiða 75.000 kr. staðfestingargjald fyrir hverja lóð sem sótt er um og er staðfestingargjald óafturkræft verði umsækjanda úthlutað viðkomandi lóð.

Bæjarráð samþykkti tillögu bæjarstjóra fyrir sitt leyti og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillöguna.

22. 2012003 - Úthlutun byggðakvóta 2020-2021

Lagt fram erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti er varðar skiptingu á almennum byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2020/2021, ásamt tillögu vegna úthlutunar byggðakvóta.

Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi sínum tillögu vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið tímabilið 2020-2021.

Lagt er til við bæjarstjórn að samþykkt verði framlögð ályktun/skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í tengslum við byggðakvóta og send Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

23. 2012005 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun 2020 er lagður fyrir bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar til samþykkar lánssamningur ásamt fylgigögnum milli Lánasjóðs sveitarfélaga sem lánveitanda og Stykkishólmsbæjar sem lántaka um lán að fjárhæð kr. 30.000.000 hjá Lánastjóði sveitarfélaga ohf.

Á 622. fundi bæjarráð samþykkti bæjarráð lántökuna og lagði til að bæjarstjórn samþykki hana.

24. 2011050 - Ályktun aðalfundar Bátafélagsins Ægis í Stykkishólmi

Lögð ályktun aðalfundar Bátafélagsins Ægis í Stykkishólmi.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók á 5. fundi sínum undir sjónarmið í ályktun Bátafélagsins Ægis. Verði frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um veiðar og stjórnun grásleppuveiða óbreytt að lögum er komið í veg fyrir samþjöppun aflaheimilda með því að hver útgerð megi einungis eiga 2% af heildaraflamarki grásleppu. Ennfremur varðandi staðbundin veiðisvæði við grásleppuveiðar er mikilvægt að ávallt sé haft samráð við heimamenn þegar svæðin eru ákvörðuð.

Bæjarráð tekur heilshugar undir ályktun atvinnu- og nýsköpunarnefndar og þau sjónarmið sem fram koma í ályktun aðalfundar Bátafélagsins Ægis.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að staðfesta afgreiðslu bæjarráðs og að afstaða Stykkishólmsbæjar verði send ráðherra og þingmönnum norðvesturkjördæmis.

25. 2011035 - Framtíð Breiðafjarðar, samantekt og niðurstöður

Lagt fram erindi frá Breiðafjarðarnefnd þar sem óskað er eftir umsögn bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar vegna greinargerðar sem jafnframt er lögð fram, Framtíð Breiðafjarðar, samantekt og niðurstöður. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd Stykkishólmsbæjar fjallaði um málið á 5. fundi sínum og er lögð er fram bókun nefndarinnar.

Bæjarráð tók á síðasta fundi sínum undir umsögn atvinnu- og nýsköpunarnefndar og vísaði umsögninni til staðfestingar í bæjarstjórn.

26. 2012011 - Ósk um lausn frá störfum sem bæjarfulltrúi

Lagt fram erindi frá Þóru Stefánsdóttur, bæjarfulltrúa, þar sem hún óskar eftir lausn frá störfum sem bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar.

27. 1912004 - Fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs

Fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs frá janúar til júní 2021 framlögð.

Bæjarráð samþykkir fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs fyrir janúar til júní 2021 og vísar henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

28. 1907014 - Heilsuefling eldri borgara í Stykkishólmi

Lagt er til að bæjarstjórn samþykki, í samræmi við framlagða greinargerð, að Stykkishólmsbær styðji við eflingu heilsu og velferð eldra fólks með því að styrkja íbúa 67 ára og eldri um árskort í sund árið 2021 og 2022.

29. 1808022 - Minnisþing bæjarstjóra

Framlagðir minnisþing bæjarstjóra.

08.12.2020

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.